

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Vesturbyggð.

Breyting á deiliskipulagi Bíldudalshafnar.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkti á fundi sínum 21. febrúar 2024 tillögu að breytingu á deiliskipulagi Bíldudalshafnar. Breytingin fólst í því að sameinaðar voru lóðir Strandgötu 14a, 14c og 14d í eina lóð undir heitinu Strandgata 14a. Strandgata 10-12 var minnkuð og hýsir nú einungis vatnshreinsistöð og geyma tengda meltuvinnslu. Í skipulaginu var lagt til að lóð sem áður var Strandgata 14e verði að Strandgötu 14c. Enn fremur voru gerðar breytingar á lóðanúmerum. Deiliskipulagið var auglýst með athugasemdafresti til 5. janúar 2024.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Patreksfirði, 15. mars 2024.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 3. apríl 2024